



Efnahags- og fjármálaráðuneytið
Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 28. apríl 2021

Efni: Stafrænt Ísland - stefna um stafræna þjónustu, mál nr. 99/2021

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa kynnt sér stefnu um stafræna þjónustu sem er nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Stafrænni fjármálaþjónustu hefur fleygt fram á síðustu misserum og mun sú þróun halda áfram. Sem dæmi má nefna að einn íslensku viðskiptabankanna hefur birt tölur um að hann hafi um 45 milljónir snertinga við viðskiptavinina sína á ársgrundvelli og 99% þeirra séu með stafrænum hætti. Heimsóknir í útibú og símtöl eru um 1% snertinga viðskiptavina við bankann. Þessar tölur sýna að Íslendingar eru mjög svo tilbúnir til að tileinka sér nýjar leiðir í stafrænni þjónustu, hvort sem það á við þjónustu fjármálafyrirtækja eða hins opinbera.

SFF fagna því sérstaklega að stjórnvöld hyggist setja sér þá metnaðarfullu stefnu að efling stafrænnar þjónustu verði eitt af forgangsmálum stjórnvalda og með henni verði lagður grunnur að því að Ísland verði á meðal fremstu þjóða heims þegar kemur að stafrænni opinberri þjónustu. Þetta rímar mjög vel við markmið SFF að auka möguleika á stafrænni fjármálaþjónustu hvað varðar samskipti fjármálafyrirtækja við hið opinbera.

Nú tíðkast að viðskiptavinir feli fjármálafyrirtækjum, fyrir sína hönd, að sækja gögn til hins opinbera sem varða fjárhagsmálefni þeirra t.d. í tengslum við vinnslu greiðslumats fyrir lánaþingreiðslu. Í þessu samhengi leggja SFF ríka áherslu á að stjórnvöld hefji sem fyrst endurskoðun á fyrirkomulagi gjaldtöku hins opinbera vegna afhendingar stafrænna gagna frá hinu opinbera til fjármálafyrirtækja að beiðni viðskiptavina þeirra. Eðlilegt er að gjaldtakan verði löguð að nýjum stafrænum veruleika í opinberri þjónustu og fjármálaþjónustu. Hófleg og gagnsæ verðlagning er leiðarstef í þessu sambandi. Að mati SFF er eðlilegt að líta svo á að einstaklingar eigi sjálfir sín gögn hjá hinu opinbera og geti falið fjármálafyrirtækjum að sækja gögnin fyrir sína hönd án þess að það leiði til hærri verðlagningar af hálfu hins opinbera.



Samtök
fjármálafyrirtækja

SFF lýsa sig reiðubúin til frekara samstarfs við Stafrænt Ísland og fjármálaráðuneytið um uppbyggingu stafrænna innviða og gjaldtöku.

F.h. SFF

A handwritten signature in blue ink, reading 'Jóna Björk Guðnadóttir', is centered on the page. The signature is fluid and cursive, with a large loop at the end.

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur